

## Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2017

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2017, haldinn þriðjudaginn 21. mars 2017 í Gullteigi á Grand Hótel Reykjavík, fundurinn hófst eins og boðað var kl. 18:00.

Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður stjórnar, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Formaður gerði tillögu um Ólaf Gústafsson hrl. sem fundarstjóra og var hún einróma samþykkt. Fundarstjóri lagði til að Gerður Björk Guðjónsdóttir, mannauðsstjóri hjá Lífeyrissjóðnum, yrði fundarritari og var það samþykkt.

Fundarstjóri gerði grein fyrir boðun fundarins sem auglýstur var í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu 14. febrúar og 21. mars. Upplýsingar um fundinn komu jafnframt fram í starfsemisauglýsingu sjóðsins í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu 18. mars. Einnig var sett tilkynning á vef sjóðsins. Lýsti hann því fundinn lögmætan. Því næst var gengið til dagskrár.

### 1. Skýrsla stjórnar

Guðrún Hafsteinsdóttir, flutti skýrslu stjórnar. Skýrsla stjórnar er í fylgiriti með fundargerðinni.

### 2. Greinargerð framkvæmdastjóra

Guðmundur Þ. Þórhallsson, framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins, gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2016, ásamt því sem hann gerði grein fyrir tryggingafræðilegri athugun, fjárfestingarstefnu og fjárhagsáætlun og ákvörðun um laun til stjórnar. Yfirferð framkvæmdastjóra er í kynningarglærum með fundargerðinni.

#### Umræða um ársreikning sjóðsins

Sveinn Hannesson sjóðfélagi tók til máls og sagði hlutverk lífeyrissjóða vera að gæta að réttindum sjóðfélaga og því þurfi að horfa til lengri tíma þegar rætt er um lífeyrissjóðakerfið og standa vörð um það gagnvart þeim sem sjá sjóðina sem gullkistu og vega að þeim með ómaklegu umtali. Taldi hann sjóðinn hafa skilað góðri ávöxtun og starfmenn skilað góðri vinnu.

Ásta Rut Jónasdóttir tók undir með Sveini hvernig stundum er vegið að lífeyrissjóðunum. Sagði hún sjóðinn dafna vel og að hann sé vel rekinn. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er jákvæð sem er mjög gott og ávöxtun góð til lengri tíma. Mikilvægt að fólk skilji að sjóðirnir eru langtímafjárfestar. Taldi hún mikilvægt að auka þekkingu meðal almennings á fjármálum og vakti athygli á að vika fjármálalæsis verði haldin í næstu viku.

Þórður Sverrisson þakkaði formanni og framkvæmdastjóra fyrir þeirra yfirferð. Sagði hann að fyrir ári hefði hann þakkað fráfarandi stjórn fyrir góða ávöxtun, en þótti miður þá að skipt hafi verð um alla stjórnarmenn sjóðsins á einu brettu. Óskaði hann eftir að formaður upplýsti um ávöxtun sjóðsins í samanburði við ávöxtun annarra lífeyrissjóða á árinu 2016. Þórður skrifaði grein í Morgunblaðið í apríl í fyrra þar sem hann spurði um stjórnarhætti sjóðsins og sagðist hann hafa ítrekað þessar spurningar sínar í bréfi til stjórnar sl. haust. Spurði hann af hverju laun framkvæmdastjóra sjóðsins væru mun hærra en laun framkvæmdastjóra annarra lífeyrissjóða. Taldi hann lífeyrissjóði gegna

mikilvægu hlutverki en þeir þurfa að bæta stjórnarhætti sína. Það vanti mikið upp á traust til lífeyrissjóða.

**Guðrún Hafsteinsdóttir** svaraði spurningum Þórðar. Bauðst hún til að eiga fund með Þórði um málið. Tók hún undir að ekki sé ákjósanlegt að skipta út öllum stjórnarmönnum í einu, en benti á að tveir stjórnarmenn, þau Benedikt Kristjánsson og Guðný Rósa Þorvarðardóttir hefðu áður setið í stjórn sjóðsins. Sagði hún það vissulega áskorun þegar margir nýir stjórnarmenn koma að borðinu í einu, en hún taldi stjórnina vel skipaða og hrósaði VR m.a. með vel heppnaða skipan stjórnarmanna í stjórn lífeyrissjóðsins. Sagði hún stjórn sjóðsins vilja vinna að góðum stjórnarháttum og að þeir aðilar sem sjóðurinn skipar í stjórnir hafi fullan stuðning stjórnar. Þá sagði hún að framkvæmdastjóri sjóðsins væri á samkeppnishæfum launum í samanburði við framkvæmdastjóra á fjármálamarkaði. Einnig kom fram hjá formanni að stjórn sjóðsins er að vinna að umbótaverkefnum.

**Helgi Magnússon** þakkaði formanni og framkvæmdastjóra. Sagði hann rekstrarumhverfi síðasta árs hafa verið erfitt vegna styrkingar krónunnar en sjóðirnir geta tekið sveiflum enda séu þeir langtímafjárfestar. Lífeyrissjóður verzlunarmanna er sterkur sjóður og nú þegar gjaldeyrishöftin eru farin er líklegt að stærri hluti eigna verði færður í erlend hagkerfi. Sjóðurinn hefur fjárfest mikið innanlands í hlutabréfum síðustu 40 árin og að 10% raunávöxtun sl. 40 ára verður að teljast góður árangur. Hlutverk sjóðanna er að greiða lífeyri þó alþingismenn eða aðrir bendi á sjóðinn og vilji þvinga þá til að fjárfesta í ýmsum gæluverkefnum.

**Albert Þór Jónsson**, sjóðfélagi sagði íslenska lífeyriskerfið í fremstu röð og hafa vaxið gríðarlega. Lífeyrissjóður verzlunarmanna hefur staðið sig mjög vel. Hann spurði hvernig sjóðurinn áætli að ná fjárfestingarmarkmiðum sínum núna eftir 8 ár í höftum. Óskað hann eftir svari um hvaða ferli er notað við tilnefningar á stjórnarmönnum í félögum sem sjóðurinn er hluthafi í og að lokum hvort það væru einhverjar takmarkanir á hlutfalli sjóðfélagalána af heildareignum sjóðsins.

**Guðmundur Þ. Þórhallsson** framkvæmdastjóri sagði vægi erlendar eigna sjóðsins nú 27% af heildareignum en langtíamarkmið er um 40%. Vægi sjóðfélagalán er nú 11% af eignum og er horft til þess að það verði 13 til 15%.

**Guðrún Hafsteinsdóttir** formaður tók til máls og sagði að þegar skipt er um heila stjórn, eins og gert var hjá sjóðnum á síðasta ári sé tækifæri til breytinga og það eigi m.a. við um hvernig skipað er í stjórnir félaga þar sem sjóðurinn á hlut í. Ný stjórn hefur skipað í eina stjórn.

**Gísli Jafetsson** sagði ríkið vera stærsta „lífeyrisþegann,“ og sagði lífeyrissjóðina greiða niður almannatryggingarnar og með því væru þeir í raun að létta á ríkissjóði. Taldi hann lífeyrissjóðina greiða hæst hlutfall örorkulífeyris á norðurlöndunum. Tók hann undir með Ástu Rut Jónasdóttir að mikilvægt væri að styðja við fjármálalæsi.

**Þórður Sverrisson** tók aftur til máls og þakkaði stjórnarformanni svörin en hann hefði viljað betri og dýpri svör. Taldi hann sjóðinn þurfa að fara ítarlega yfir stjórnarhætti sína eins og mörg hlutafélög hafi gert. Gott væri að upplýsa um fjölda stjórnarmanna sem sjóðurinn styður til setu í félögum,

hverjir þeir séu og hvernig þeir séu valdir. Hann gagnrýndi að sjóðurinn hafi beitt afli sínu til að knýja fram margfeldiskosningu í stjórn HB Granda.

Spurði hann hvernig ákvörðun um laun framkvæmdastjóra sé tekin. Ítrekaði hann að mikilvægt sé að lífeyrissjóðirnir endurvinni traust.

**Guðrún Hafsteinsdóttir** formaður tók undir að sjóðurinn þyrfti að ávinna sér meira traust og sagði að sjóðurinn muni á næstunni fara ítarlega yfir sína stjórnahætti. Sagði hún félög á markaði, eins og HB Granda, ekki getað einskorðað aðkomu annarra aðila en lífeyrissjóði að stjórn félagsins. Eðlilegt sé að hluthafar hafi áhrif t.d. á stjórnarkjör í samræmi við hlutfjáreign sína. Það hafi Lífeyrissjóður verzlunarmanna gert og muni áfram gera. Að endingu sagði hún að stjórn sjóðsins hefur unnið frá því í haust að umbótaverkefnum með utanaðkomandi ráðgjafafyrirtækis.

**Jóhann J. Ólafsson** sagði allt líta vel út en þó væru blíkur á lofti. Taldi hann að búið væri að jafna stöðu almennu lífeyrissjóðina við opinbera starfsmenn með því að greiða 15,5% iðgjald til sjóðanna. Hvatti hann sjóðinn til að vera í betra sambandi við sjóðfélaga og lífeyrisþega sína með því að halda fund til sem málefni sjóðsins væru kynnt.

**Víglundur Þorsteinson** tók til máls og sagði Lífeyrissjóð verzlunarmanna hafa verið frumkvöðul í að móta stefnu til fjárfestinga á Íslandi og hafi leitt umræðu um stjórnarhætti. Hann sagði stjórnarmálamenn hafa gengið of fast fram í að skera niður á opinbera sviðinu á kostnað lífeyrissjóðanna. Það varð fyrst mögulegt árið 1990 að greiða af heildarlaunum í lífeyrissjóði og þar af leiðir vantar enn að hans mati um 15 ár að sjóðfélagar hafi áunnið sér full lífeyrisréttindi miðað við greiðslu í lífeyrissjóð alla starfsævina. Sagði hann að umræðuna um samspil almannatrygginga og lífeyris úr lífeyrissjóðunum verða í umræðunni næstu 15 til 17 árin, en eftir það taldi hann að lífeyrissjóðirnir myndu taka að stærstum hluta við greiðslu eftirlauna. Taldi hann umræðuna ranga í þjóðfélaginu þegar fólk segir að það eigi rétt úr almannatryggingakerfinu því það sé búið að greiða inni það, en því miður er um að ræða gegnumstreymiskerfi. Að mati Víglundar þarf að einfalda almannatryggingakerfi og greiða eingöngu þeim lífeyri sem ná ekki lágmarksframfærsluviðmiðunum

**Guðmundur H. Garðarsson** einn af stofnendum sjóðsins, sagði að auðvitað þyrfti alltaf að betrubæta hlutina, lífið væri þannig. Kvaðst hann hafa brugðist á vaktinni sem stjórnarmálamaður þegar fjárhagsleg ábyrgð var færð frá almannatryggingum til lífeyrissjóðanna. Sagði hann starfsmenn og stjórn hafa unnið mjög gott starf undanfarin ár.


**Gísli Jafetsson** sagði orð sín áðan ekki gagnrýni heldur brýningu. Kominn sé tími til að ræða í auknum mæli útgreiðslur lífeyris því sjóðirnir séu í raun að verða fyrsta lífeyrisstoðin.


**Þórður Sverrisson** sagði mikilvæg mál hafa verið rædd á fundinum. Ítrekaði hann spurningar sínar um hverjir eru fulltrúar sjóðsins í stjórnnum einstakra hlutfélaga og með hvaða hætti valið fari fram. Spurði hann hvort hægt væri að birta þessar upplýsingar á vef sjóðsins.

**Guðrún Hafsteinsdóttir** formaður sagðist ekki getað svarað hvernig val sjóðsins fór fram í stjórn HB Granda, þar sem hún var ekki þátttakandi í því. Sagði hún það ekkert leyndarmál hverjir sitja í stjórnnum fyrir sjóðinn.

Að endingu þakkaði Guðrún Hafsteinsdóttir öllum þeim sem tóku til til máls á fundinum fyrir góðar umræður.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs og dagskráin því tæmd. Fundi slitið kl. 20:40.

  
Ólafur Gustafsson  
fundarstjóri

  
Gerður Björk Guðjónsdóttir  
fundarritari



## Ræða stjórnarformanns á ársfundi 21. mars 2017

Ágætu sjóðfélagar!

Þegar ég lít yfir liðið ár get ég með stolti sagt að vel hafi tekist til við erfiðar aðstæður og í raun hafi unnist nokkur varnarsigur. Þrátt fyrir mikla styrkingu krónunnar og áhrif hennar á erlendar eignir og innlend hlutabréf tókst með útsjónarsemi, reynslu og staðfestu að ná jákvæðri ávöxtun eigna sjóðsins í heild. En það verður að segjast eins og er að árið 2016 var sjóðnum ekki sérstaklega hagfellt. Á árinu var ávöxtun eigna sjóðsins minni en við hefðum viljað.

Við þurfum ekki að leita lengi að skýringum því þær beinlínis umlykja okkur og allt þjóðfélagið. Sú staðreynd að gengi krónunnar hækkaði mikið hefur haft víðtæk áhrif á efnahagslífið og þar á meðal á Lífeyrissjóð verzlunarmanna. Gengishækkunin hefur auðvitað sín jákvæðu áhrif og þá ekki síst fyrir heimilin í landinu þegar vöruverð lækkar og ódýrara er að ferðast til útlanda. En fyrir lífeyrissjóði landsins var gengisstyrkingin erfið og má segja að hún hafi hrifsaði úr höndum okkar annars ágætan árangur sjóðsins. Ávöxtun af erlendum eignum sjóðsins var með ágætum en þegar sú ávöxtun er umreiknuð í íslenskar krónur hefur gengisþróunin þær afleiðingar að allar tölur lækka og árangurinn hverfur að mestu. Þá hafði þessi þróun einnig áhrif á stóran hluta innlendra hlutafjáreignar sjóðsins til lækkunar.

Við aðstæður sem þessar standa stjórn og stjórnendur sjóðsins frammi fyrir ytri aðstæðum sem engin leið er að hafa bein áhrif á. Aðeins er mögulegt að leita allra leiða til að verjast áföllum og vera viðbúin því að nýta meðbyrinn þegar hann kemur, því móttbyrinn er aldrei ævarandi.

Góðir fundarmenn.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna hefur hrundið af stað miklum og jákvæðum breytingum á íslenskum lánamarkaði fyrir einstaklinga og fjölskyldur. Upphafið má rekja til haustsins 2015 með ákvörðun um bætt lánskör á sjóðfélagalánum. Lán til sjóðfélaga hafa verið einn af hornsteinum starfsemi sjóðsins í liðlega 60 ára sögu sjóðsins. Löngum hafa sjóðfélagalánin verið 12-15% af eignasafninu en fóru niður í rúm 6% af heildareignum á árinu 2015 og virtist eins og almenningur hefði ekki lengur munað eftir þessum lánamöguleika. Í lok árs 2016 var hlutfallið hins vegar komið upp í rúmlega 10% og grípa varð til sérstakra ráðstafana til að lánadeildin annaði eftirspurninni. Þetta voru hraðar breytingar og vil ég nota tækifærið og hrósa starfsfólki sjóðsins fyrir hve vel hefur tekist að anna lánsfjárbörf sjóðfélaganna.

Á árinu náði sjóðurinn nokkrum merkum áföngum í starfseminni. Til að mynda jókst hrein eign til greiðslu lífeyris og fór yfir 600 milljarða króna. Það er nærri tvöföldun frá árinu 2010 og fjórföldun frá aldamótum. Greiðandi sjóðfélögum hefur fjölgað og urðu þeir yfir 50 þúsund á árinu og um leið náðist sá merki áfangi að lífeyrisgreiðslur urðu hærrí en milljarður króna mánaðarlega. Í því sambandi má líka nefna að lífeyrisþegum fjölgaði alls um 7,5% en lífeyrisgreiðslur hækkuðu um 10,6%. Það sýnir að lífeyrisþegar eru almennt með sterkari lífeyrisrétt en áður sem er fagnaðarefni.

Við höfum nú fengið niðurstöður athugana sem gerðar voru á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða þar sem gerður var samanburður á lífeyriskerfum nokkurra ríkja, sem hafa einna líkust kerfi og okkar. Samanburðarlöndin eru fjögur: Bretland, Danmörk, Holland og Svíþjóð. Í þessum samanburði voru notaðir hlutlægir mælikvarðar, gögn frá Efnahags- og framfarastofnuninni OECD. Íslenska kerfið kemur afar vel út úr samanburðinum, meðal annars fyrir það að hér kemur afgerandi hæst hlutfall lífeyris úr söfnunarkerfum eða starfstengdum lífeyrissjóðum og séreignarsparnaði. Á Íslandi er jöfnuður í tekjum meiri en í hinum löndunum og á Íslandi eru útgjöld hins opinbera til ellilífeyris og þjónustu við aldraða mun minni en í hinum löndunum fjórum, hvort sem horft er á hlutfall af

landsframleiðslu eða hlutfall af launagreiðslum. Þetta er enn ein vísbendingin um að styrkur okkar í lífeyrismálum felst ekki síst í því að hafa sjóðsöfnunarkerfi til að standa undir lífeyrisgreiðslum nú og sérstaklega í framtíðinni þegar hlutfall 65 ára og eldri verður meira en fjórðungur alls mannfjöldans eftir rúmlega 40 ár, en í samanburði er hlutfallið nú um 14%.

Góðir fundarmenn.

Nú þegar nokkrar háværar gagnrýnisraddir heyrast sem beinast að lífeyrissjóðunum og íslenska lífeyrisjóðakerfinu er rétt að rifja upp tilurð og tilgang lífeyrissjóðanna. Ef við hverfum 50 ár aftur í tímann varð Ísland fyrir gríðarlegu efnahagslegu áfalli þegar síldin hvarf. Við bættist verðfall á mörkuðum og gengisfelling krónunnar. Á sama tíma voru mikil átök á vinnumarkaði sem leiddi meðal annars til þess að margar fjölskyldur misstu allt sitt. Það var síðan 1969 sem samkomulag náðist milli verkalyðshreyfingarinnar, samtaka vinnuveitenda og stjórnvalda um lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn. Með því samkomulagi var komið í veg fyrir að þjóðfélagið væri óstarfhæft vegna átaka. Samkomulagið um lífeyrissjóðina var staðfest í allsherjarkjarasamningi sem síðar varð uppistaðan í lögum frá Alþingi um lífeyrissjóði.

Ég var svo heppin að á mínu æskuheimili ólust þrjár kynslóðir upp saman þar sem afi var einn af fjölskyldumeðlimunum. Ég man þann dag ósköp vel er afi flutti til okkar. Það var 1975 og ég var fimm ára. Pabbi hafði sótt afa og allt hans hafurtask á ísbíl og hann flutti inn í eitt herbergi hjá okkur. Skýringin sem við systkinin fengum var að afi hefði verið orðinn svo einmana eftir að amma dó og þess vegna hefði hann komið til okkar. Það var án efa stór hluti ástæðunnar að hann flutti EN það var ekki fyrr en mörgum árum seinna er maður komst á fullorðinsár sjálfur að maður áttaði sig í raun á af hverju hann kom. Afi hafði verið bóndi alla sína ævi. Hann átti engan lífeyrissjóð þegar hans starfsævi lauk. Ekki krónu. Hann þurfti að lifa af nokkrum krónum sem almannakerfið skaffaði honum og það dugði ekki til.

Fyrir tíma lífeyrissjóðanna hafði meginþorri landsmanna, það er aðrir en opinberir starfsmenn, sjómenn og nokkrir fámennir hópar aðrir, ekki annað til viðurværis eftir að starfsævinni lauk en hinn svokallaða ellistyrk frá ríkinu eða almannatryggingakerfinu. Í maí 1969 þegar samningurinn um lífeyrissjóðina var gerður var ellistyrkurinn 36 krónur á mánuði. Til samanburðar voru meðallaun verkamanns 214 krónur. Ellistyrkurinn var sem sagt rétt innan við 17% af meðallaunum fullvinnandi verkamanns. Það gæti samsvarað tæplega 70 þúsund krónum í nútímanum.

Í þessu allsherjarsamkomulagi fólst að samtök launþega annars vegar og vinnuveitenda hins vegar tóku að sér að koma á fót þessu sjálfstæða almannatryggingakerfi ef svo mætti kalla það. Áskilið var að samtök viðeigandi starfsgreina launþega og vinnuveitenda skipuðu stjórnir sinna sjóða. Ávinningurinn skyldi vera afkomuöryggi fyrir launafólkið, almennung, enda var áskilið að lífeyrissjóðirnir ættu að vera viðbót við almannatryggingarnar frá ríkinu, en ekki að koma í stað þeirra. Fyrir atvinnulífið og ríkisvaldið var ávinningurinn fólgin í að til yrðu öflugir sjóðir sem hefðu mátt til að fjármagna rekstur ríkisins með kaupum á ríkistryggðum skuldabréfum og svo síðar atvinnulífið með kaupum á hlutafé. Allt hefur þetta gengið eftir – og gengið vel.

Það var einnig áskilið, og hefur vafalítið þurft staðfestu til af hálfu aðila vinnumarkaðarins, að halda stjórnámálamönnunum utan við stjórnir lífeyrissjóðanna og girða fyrir það með samningnum, lögnum og samþykktum sjóðanna, að stjórnámálamenn eða aðrir gætu seilst í þessa sjóði almennings til að fjármagna sín áhugamál eða gæluverkefni.

Ég get ekki ímyndað mér að samtök vinnuveitenda né launþega geti samþykkt að þetta góða kerfi, sem kostaði á sínum tíma „blóð, svita og tár“ að koma á fót, verði rífið niður eða gerðar á því eðlisbreytingar til að þjóna lund einstaklinga eða hagsmunaafla.

Ekki má skilja orð mín svo að ég sé að mæla gegn öllum breytingum. Því fer fjarri. En breytingarnar þurfa að vera vel ígrundaðar og um þær þarf að ríkja sátt. Sumar breytingar eru þó þess eðlis að hægt er að gera þær einhliða, ef svo má að orði komast. Þannig var um reglur sem Samtök atvinnulífsins settu í byrjun ársins og varða fulltrúa samtaka í atvinnulífinu í stjórnnum lífeyrissjóða. Þeir skyldu ekki jafnframt sitja í stjórnnum fyrirtækja í krafti lífeyrissjóðanna. Að vísu fórst fyrir hjá stjórn SA að kynna þessa ákvörðun þangað til nýlega, en þegar tveimur okkar stjórnarmanna hér í sjóðnum varð reglan ljós sögðu þeir sig umsvifalaust úr stjórn sjóðsins.

Þetta varðar vissulega nútímalega stjórnarhætti þar sem rík krafa er gerð um gagnsæi og að allt sé uppi á borðum. Fáar ef nokkrar stofnanir eða fyrirtæki í landinu búa við jafn ítarlegar reglur um eftirlit og upplýsingagjöf og einmitt lífeyrissjóðirnir. Ég nefni Fjármálaeftirlitið, ytri endurskoðendur, innri endurskoðendur, stjórnir, endurskoðunarnefndir, alla starfsmenn sjóðanna, Seðlabankinn kemur líka að málum að ógleymdu Alþingi, lögum og reglugerðum sem setja ramma sem farið er eftir. Sjálfsgagt væri hægt að telja upp fleiri sem fylgjast með starfsemi.

Góðir fundarmenn.

Nýverið gerðist það sem lengi hafði verið beðið eftir að höftum á erlenda fjárfestingu lífeyrissjóða var aflétt. Það er fagnaðarefni. Ég ætla að leyfa mér þá bjartsýni að gera ráð fyrir að ekki verði nein viðlíka styrking krónunnar á þessu ári og á því síðasta. Gangi það eftir má búast við betri afkomu af erlendum eignum sjóðsins á árinu. Erfiðara er að sjá fyrir þróunina á innlendum hlutabréfamarkaði og um afkomu íslensku fyrirtækjanna. Hins vegar er áhættudreifing sjóðsins afar góð og eignasafnið er vel dreift, bæði innanlands og erlendis.

Afnám haftanna veldur ekki skyndilegri byltingu í fjárfestingum sjóðsins. Áður höfðu verið veittar nokkuð rúmar heimildir til erlendra fjárfestinga sem sjóðurinn nýtti að fullu. Líkast til er megin breytingin sú að nú getur sjóðurinn ráðið ferðinni hvað varðar tíma og fjárhæðir fjárfestinga og valið það sem best hentar hverju sinni.

Framundan eru stórar áskoranir sem munu reyna á sjóðinn eins og alla aðra lífeyrissjóði landsins. Við höfum lengi vitað að hækkandi lífaldur þjóðarinnar muni leiða til meiri lífeyrisbyrðar sjóðanna og í undirbúningi er að breyta reglum í því skyni að sjóðirnir þoli aukið álag af þessum sökum. Nú þegar hafa verið gerðir kjarasamningar um hækkun iðgjalds í lífeyrissjóðina. Mótframlag launagreiðenda hækkar úr 8% í 11,5% þannig að heildariðgjaldið verði 15,5%. Í sumar sem leið hækkaði mótframlagið í 8,5%, nú í sumar verður það 10% og loks 2018 verður það 11,5%. Þetta mun auðvelda sjóðunum að takast á við aldurshækkunina. Enn er þó ekki ákveðið endanlega með hvaða hætti brugðist verður við þróuninni en vonandi verður ekki löng bið á þeim ákvörðunum.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins er áfram sterk, hún er jákvæð um 4,2%. Það gerir sjóðinn betur í stakk búinn til að takast á við aukið álag. Ég veit að metnaður bæði stjórnar, stjórnenda og allra starfsmanna sjóðsins stendur til þess að bæta enn þessa stöðu þannig að ekki þurfi að grípa til lækkunar réttinda í framtíðinni, þótt lífeyrisaldur sjóðfélaga lengist.

Ég trúí því að framtíðin verði björt fyrir Lífeyrissjóð verzlunarmanna og alla sjóðfélaga hans. Fyrir hönd stjórnar vil ég þakka starfsmönnum og sjóðfélögum öllum samfylgdina á árinu og gott samstarf.



LÍFEYRISJÓÐUR VERZLUNARMANNA


Ársfundur

2016





# BREYTING Á HREINNI EIGN




## IÐGJÖLD Í M.KR.

	2016	2015
Sjóðfélagar	8.506	7.454
Launagreiðendur	16.667	14.319
Framlag v/jöfnunar örorkubyrði	477	441
<b>Samtals</b>	<b>25.650</b>	<b>22.214</b>
Aukning	15,5%	

# LÍFEYRISGREIÐSLUR Í M.KR.

	2016	2015
Ellilífeyrir	8.419	7.507
Örorkulífeyrir	2.321	2.163
Makalífeyrir	727	687
Barnalífeyrir	103	106
Séreignargreiðslur	498	552
<b>Samtals</b>	<b>12.068</b>	<b>11.015</b>
Aukning	9,6%	

# SKIPTING LÍFEYRISGREIÐSLNA 2016





## FJÖLDI LÍFEYRISÞEGA

	2016	2015
Ellilífeyrir	9.977	9.192
Örorkulífeyrir	3.201	2.970
Makalífeyrir	1.481	1.442
Barnalífeyrir	497	501
<b>Samtals</b>	<b>15.156</b>	<b>14.105</b>

# FJÁRFESTINGARTEKJUR Í M.KR.

	2016	2015
Innlendir eignarhlutir í félögum og sjóðum	-99	35.213
Erlendir eignarhlutir í félögum og sjóðum	-12.988	3.777
Innlend skuldabréf	19.204	19.763
Bankainnstæður og aðrar fjárfestingartekjur	191	202
Fjárfestingargjöld	-144	-99
<b>Samtals</b>	<b>6.164</b>	<b>58.856</b>

# RAUNÁVÖXTUN

	2016	2015
Innlend skuldabréf	4,4%	7,6%
Innlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini	-2,1%	33,3%
Erlend verðbréf	-9,9%	0,5%
Annað	-0,6%	-0,8%
<b>Samtals</b>	<b>-1,2%</b>	<b>10,2%</b>

---

# MEÐALTAL HREINNAR RAUNÁVÖXTUNAR

---

- » Meðalraunávöxtun síðustu 5 ára er 6,4%
- » Meðalraunávöxtun síðustu 10 ára er 1,2%
- » Meðalraunávöxtun síðustu 20 ára er 4,4%

# REKSTRARKOSTNAÐUR

	2016	2015
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	824	712
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í % af meðalstöðu eigna	0,14%	0,13%
Stöðugildi	41,0	35,1

---

# ÞJÓNUSTA VIÐ SJÓÐFÉLAGA

---


- » Fjöldi launagreiðenda **8.500**
- » Greiðandi sjóðfélagar **50.000**
- » Lífeyrisþegar að meðaltali **14.700**
- » Fjöldi lána til sjóðfélaga **7.700**



# EFNAHAGSREIKNINGUR Í M.KR.

	2016	2015
Eignarhlutir í erlendum félögum og sjóðum	158.920	153.000
Eignarhlutir í innlendum félögum og sjóðum	129.732	139.648
Skuldabréf	240.686	244.038
Veðskuldabréf	65.099	40.105
Bankainnstæður	5.321	4.263
Aðrar eignir	3.423	3.192
Skuldir	-796	-570
<b>Samtals</b>	<b>602.385</b>	<b>583.676</b>

# SKIPTING EIGNASAFNS 2016





# SJÓÐSTREYMISYFIRLIT Í M.KR.

	2016	2015
Inngreiðslur	25.830	22.620
Útgreiðslur	13.247	12.138
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga	12.583	10.482
Fjárfestingarhreyfingar	-11.451	-11.135
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	1.132	-653

# VERÐBRÉFAKAUP UMFRAM SÖLU Í M.KR.

Veðskuldabréf sjóðfélaga	32.229
Ríkistryggð skuldabréf	-4.386
Skuldabréf sveitarfélaga	1.788
Fagfjárfestasjóðir og fyrirtæki	1.733
Önnur skuldabréf	43
Innlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini	-6.467
Erlend verðbréf	24.613
<b>Samtals</b>	<b>49.553</b>

---

# SÉREIGNARDEILD

---


- » Iðgjöld **902** milljónir en 826 milljónir árið áður
- » Lífeyrir **498** milljónir en 552 milljónir 2015
- » Heildareignir **11,1** milljarður en 10,7 milljarðar í árslok 2015
- » Fjöldi með inneignir **42.000**
- » Verðbréfaleið: Nafnávöxtun **0,9%** og raunávöxtun **-1,2%**
- » Innlánsleið: Nafnávöxtun **3,8%** og raunávöxtun **1,6%**

## TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA

	2016	2015
Heildarstaða umfram skuldbindingar ma.kr.	38,6	72,3
% af heildarskuldbindingum	4,2%	8,7%
Áfallin staða ma.kr.	48,2	77,5
% af áföllnum skuldbindingum	9,0%	15,9%
Framtíðarstaða ma.kr.	-9,6	-5,2
% af framtíðarskuldbindingum	-2,4%	-1,5%



## ÞRÓUN TRYGGINGAFRÆÐILEGRAR STÖÐU 2012 - 2016





---

# FJÁRFESTINGARSTEFNA

---

- » LV er fagfjárfestir
- » Fjárfestingar taka mið af varúðarsjónarmiðum, áhættu og langtímaskuldbindingum sjóðsins
- » Lífeyrisbyrði fer hægfara vaxandi
- » LV getur beitt langtímamarkmiðum við ákvörðun um fjárfestingarstefnu

# FJÁRFESTINGARSTEFNA 2017

Eignaflokkur	Eigna- samsetning %	Markmið %	Lágmark %	Hámark %
Innlán í bönkum og sparisjóðum	1	1	0	5
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	27	23	15	35
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	6	5	0	10
Skuldabréf og vixlar banka og annarra lánastofnana	1	1	0	5
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	10	13	5	20
Innlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini	22	21	15	28
Erlend verðbréf	26	30	25	40
Skuldabréf fyrirtækja og önnur verðbréf	7	6	0	15

# FJÁRHAGSÁÆTLUN 2017

Fjárfestingar	Ráðstöfun
Sjóðfélagar	40-60%
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	0-10%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	0-10%
Skuldabréf lánastofnana	0-10%
Skuldabréf fyrirtækja og önnur skuldabréf	0-10%
Innlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini	5-15%
Erlend verðbréf	35-40%



---

# LAUN STJÓRNAR

---

- » Laun stjórnarmanna eru 165.000 kr. á mánuði
- » Stjórnarformaður fær tvöföld stjórnarlaun
- » Varaformaður fær ein og hálföld stjórnarlaun



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Ársfundur

2016

